



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík 21. febrúar 2015

1502015SA TP
Málalykill: 401

Efni: Frumvarp til laga um aukna vinnuvernd og notendastýrða persónulega aðstoð - 454. mál 144. lþ.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 9. febrúar s.l., þar sem ofangreint þingmál var sent til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Lagastoð fyrir reglugerð um aðgerðir gegn einelti og öðru ofbeldi

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að inn í lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum komi lagastoð fyrir setningu reglugerðar um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Sambandið átti fulltrúa í nefnd þeirri sem endurskoðaði reglugerð nr. 1000/2004, en ekki hefur reynst unnt að birta nýju reglugerðina þar sem nauðsynlega lagastoð hefur skort. Mikilvægt er að endurskoðuninni verði lokið með formlegum hætti og því styður sambandið að umrædd reglugerðarheimild komi inn í lög nr. 46/1980.

Samskipti vegna úrbóta á vinnustað

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að skerpt verði á því að samskipti milli Vinnueftirlitsins og atvinnurekenda séu formbundin og að tilkynnt sé um það bréflega eða með tölvupósti þegar úrbótum hefur verið lokið á vinnustað.

Að mati sambandsins er eðlilegt að lög nr. 46/1980 hafi að geyma ákvæði í þessa veru. Almennt ætti það að vera til hagsbóta bæði fyrir Vinnueftirlitið og atvinnurekendur (þ.m.t. sveitarfélög) að nýta rafræna samskiptamáta til þess að sýna fram á úrbætur (m.a. með myndum) fremur en að farnar séu eftirlitsheimsóknir. Sambandið styður því breytinguna.

Ákvæði vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA)

Í þriðju og fjórðu grein frumvarpsins eru tímabundin ákvæði sem lagt er til að komi inn í lög til þess að styðja við framkvæmd á reynsluverkefni um innleiðingu á NPA, sem unnið hefur verið að frá árinu 2011.

Sambandið hefur fylgst grannt með reynsluverkefninu í gegnum fulltrúa sína í verkefnisstjórn og er sammála þeirri útfærslu sem lögð er til í frumvarpinu, þ.e. að reynsluverkefnið verði framlengt til loka árs 2016 og að á tímabili framlengingarinnar sé hægt að auka sveigjanleika hvað varðar vinnufyrirkomulag þeirra starfsmanna sem ráðnir eru til þess að sinna NPA.

Sveitarfélögin eiga einnig fulltrúa í starfshópi þeim sem nú endurskoðar lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og lög um málefni fatlaðs fólks, en tillögu í 4. gr. b frumvarpsins er einkum beint að þeirri endurskoðun. Orðalag



tillögunnar er skynsamlegt að mati sambandsins og mun það fyrir sitt leyti vinna að því á vettvangi starfshópsins, að NPA verði lögfest sem valkvætt þjónustuúrræði til hliðar við hefðbundna þjónustubætti og mögulega önnur form á notendasamningum. Lögð er áhersla á að úrræðið hefur verið innleitt með nokkuð mismunandi hætti á Norðurlöndum. Áriðandi er að horft verði til reynslu þessara nágrannaríkja þegar ákveðið er hvernig þjónustuúrræðið er innleitt hér á landi.

Kostnaðarhlið NPA-verkefnisins

Í fylgiskjali I með frumvarpinu kemur fram kostnaðarmat velferðar-ráðuneytisins vegna NPA verkefnisins fyrir 2015 og 2016. Kostnaðarmatið var unnið í samráði við sambandið sem gerir ekki athugasemd við þá niðurstöðu matsins að samþykkt frumvarpsins muni leiða til umtalsverðs útgjaldaauka hjá þeim sveitarfélögum er taka þátt í NPA-verkefninu.

Varðandi kostnaðarhlið verkefnisins að öðru leyti er nauðsynlegt að hafa eftirtalin atriði í huga:

1. Fjármunir til þjónustu sem færð er yfir á form NPA-samninga

Lykilatriði við innleiðingu NPA hér á landi (sem og í Noregi) er að NPA-samningar séu að meginstofni til fjármagnaðir með tilfærslu frá öðrum þjónustubáttum sem NPA leysir af hólmi. Þegar um miklar stuðningsþarfir er að ræða eru það framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga (yfirleitt á grundvelli SIS-mats) sem í reynd afmarka það hvernig þessi fjármögnun á sér stað.

Við upphafið á innleiðingu SIS árið 2012 var út frá því gengið að ekki yrði veittur neinn afsláttur á NPA-þjónustu og að gerðir samningar ættu að koma til móts við væntingar notenda um fjölda aðstoðarmanna og fjölda tíma. Ljóst var þá þegar að þetta myndi leiða til þess að NPA-úrræðið yrði dýrara en þeir þjónustubættir sem áður voru veittir. Einnig kom til að NPA-samningur um sjálfstæða búsetu í stað sambýlis myndi ekki sjálfkrafa leiða til þess að ódýrara yrði að reka viðkomandi sambýli.

Í ljósi þessara atriða var ákveðið að ríkið myndi bera 20% kostnaðarhlutdeild vegna NPA-samninga, til þess að mæta væntingum notenda og því að NPA-samningur losar í reynd einungis hluta af þeim kostnaði sem áður var veittur í hefðbundinni þjónustu. Sveitarfélögum var samkvæmt þessu ætlað að bera 80% kostnaðar.

2. Tímagjald skv. NPA-samningum

Árið 2012 var ákveðið að viðmiðunartímagjald vegna NPA-þjónustu væri 2.800 kr. Ekki var tekin afstaða til þess hvernig tímagjaldið myndi breytast með tilliti til verðlags, en fjárhæðin hefur engu að síður í tvígang verið uppfærð og er hún 3.090 kr. frá og með 1. febrúar 2014. Samsvarar það rúmlega 10% hækkun.

Vakin er athygli á því að framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga (á grundvelli SIS-mats) eru ekki tengd verðlagsforsendum. Einingaverð vegna einstakra flokka SIS-matsins hafa ekki hækkað í samræmi við verðlag eða áður nefnda 10% hækkun á viðmiðunartímagjaldi NPA-samninga. Af því leiðir að gap hefur myndast í fjármögnun NPA-samninga þar sem sveitarfélögum er í reynd gert



að bera aukin útgjöld vegna gerðra samninga, þar sem framlög á grundvelli SIS-mats hafa ekki fylgt kostnaðarþróun þeirra.

3. Fjármögnun NPA-samninga árið 2015

Verði gildandi NPA-samningar framlengdir út árið 2015 út frá ofangreindum forsendum, mun það að líkindum kalla á nálægt 50 m.kr. útgjaldaauka sveitarfélaga á árinu. Eins og áður segir verður ekki séð að framlög vegna SIS-mats muni fylgja þeirri þróun og standa þjónustusvæðin að óbreyttu frammi fyrir því að taka fjármuni úr annarri starfsemi til þess að standa undir útgjaldaaukanum. Á flestum þjónustusvæðum er fyrirsjáanlegt að málaflokkurinn verði rekinn með halla á árinu 2015 og sumstaðar verulegum, m.a. á Norðurlandi vestra. Ljóst er að þar er alls ekkert svigrúm til þess að flytja fjármuni milli útgjaldaþátta og gæti því þátttöku í NPA-verkefninu orðið sjálfhætt að óbreyttu.

Fyrir liggur að ríkisframlagið til NPA-samninga árið 2015 verði 135 m.kr. eða um 20 m.kr. hærra en á árinu 2014. Sú fjárhæð stendur undir 20% hlutdeild ríkisins og einhverri viðbót þar að auki.

4. Fjölgun samninga eða hækkun hlutdeildar?

Fulltrúar sambandsins hafa komið þeirri afstöðu mjög skýrt á framfæri við velferðarráðuneytið að fjármögnun NPA-verkefnisins árin 2015 og 2016 sé ekki trygg og kallað eftir því að hlutdeild ríkisins verði aukin í 25% eða 30% til þess að sveitarfélög þurfi ekki að bera aukin útgjöld vegna fyrrgreindrar kostnaðarþróunar.

Svar ráðuneytisins var á þann veg að fremur ætti að bæta við 5 til 10 NPA-samningum á árinu 2015. Sambandið hefur gert alvarlega athugasemd við þessi áform og bent á að ekki sé sennilegt að sveitarfélög muni vilja gera nýja NPA-samninga þegar fyrir liggja umtalsvert gap í fjármögnun.

Velferðarnefnd Alþingis er hvött til þess að kalla eftir nánari upplýsingum frá velferðarráðuneytinu um kostnaðarhlið NPA-verkefnisins. Jafnframt fer sambandið þess á leit að velferðarnefnd leiti milliliðalaust eftir reynslu af verkefninu og fjármögnun þess, með því að fulltrúar þeirra þjónustusvæða sem eru með hlutfallslega flesta NPA-samninga komi á fund nefndarinnar, þ.e. Reykjavíkurborg (14), Mosfellsbær (10), Norðurland vestra (8), Eyjafjörður og Hafnarfjörður (5) og Garðabær (4).

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Afrit: Stjórnendur þjónustusvæða í málefnum fatlaðs fólks